



# SÁL3D05

Námsáætlun, vorönn 2024

**Kennari/kennarar:**

Anna Kristín Halldórsdóttir

**Netfang/netföng:**

anna.halldorsdottir@borgo.is

**Lýsing:**

Í áfanganum verður fjallað um félagslega hegðun og viðhorf fólks í tengslum við samskipti sem hafa mótandi áhrif á persónuleikann.

Fjallað verður sérstaklega um eðli fordóma, staðalmynda og leiðir til að minnka þessi fyrirbæri.

Farið verður í þær leiðir sem fólk notar þegar það meetur annað fólk, fyrstu kynni, nán sambönd og samskipti t.d á vinnustað. Hugtakið hópur verður krufið út frá félagssálfræðinni og farið verður í áhrif þess að vera hluti af slíkum hópi. Farið verður í valin viðfangsefni eins og múghegðun, hlýðni við yfirvöld og hjálpsami.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekking, nemandi**

- Kynnist víðfeðmi og hagnýtu gildi félagssálfræðinnar
- Þekki rannsóknir á fordómum og tilraunum til að breyta þeim
- Viti hvaða þættir skipta máli varðandi það við hverja manni líkar og hverja ekki
- Gerir sér grein fyrir orsakaeignun og villum í mati fólks á hegðun annarra
- Geri sér grein fyrir áhrifum hópa, hópprýstingi og höfnun innan hópa
- Þekki rannsóknir á hlýðni manna við hversdagslegar og óvenjulegar aðstæður og viti hvaða þættir hafa áhrif á hana
- Þekki áhrif samskipta á vinnuanda og starfsánægju

**Leikni, nemandi**

- Geti skoðað sína eigin hegðun og annarra út frá hugmyndum félagssálfræðinnar
- Sé líklegri til að hjálpa náunga í neyð eftir að hafa kynnt sér hvernig afskiptaleysi náungans er venjulega háttáð
- Viti hvað viðhorf eru, hvort þau eru í samræmi við hegðun, hvernig hægt er að hafa áhrif á viðhorf og mæla þau
- Kynnist þekktum rannsóknnum og rannsóknaraðferðum félagssálfræðinnar

**Hæfni, nemandi**

- Geti beitt vinnubrögðum sem eru viðurkennd í fræðigreininni og byggjast á kenningum sem metið er með verkefnavinnu
- Gerir sér grein fyrir mótunaráhrifum umhverfis á sjálfan sig og aðra sem er metið með ýmsum verkefnum
- Gerir sér grein fyrir samspili hegðunar, hugsunar og tilfinninga sem er metið með ýmsum verkefnum
- Geti hjálpað náunga sínum sem í nauðum er staddur og hafi við það hliðsjón af því að afskiptaleysi við slíkar aðstæður er óásættanlegt
- Framkvæmi rannsókn, vinni úr niðurstöðum og skili inn skýrslu með heimildum eftir APA7 kerfinu
- Kynni lokaverkefni

**Námsmat:**

1. Umræðuskil, mæting og virkni í lotum og umræðutímum **30%**
2. Fimm verkefni **45%**: Verkefni 1 = 5%, verkefni 2 = 10%, verkefni 3 = 10%, verkefni 4 = 5%, verkefni 5 = 15%
3. Lokaverkefni **25%**: Skýrsla og framkvæmd 20% og kynning í lotu 5%

**Námsgögn:**

Allt lesefni er inn á INNU, sett fram í hverri viku fyrir sig.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Þetta er símatsáfangi án lokaprófs og því er nauðsynlegt að nemendur vinni öll verkefni vel, mæti vel í umræðutíma og lotur og skili inn svörum fyrir umræðutímana þegar það á við. Standa þarf skil á öllum námsmatsþáttum og ná lánmarkseinkunn 4,5 í hverjum þætti.

Skyldumæting er í lotur og í umræðutíma.

Nemendur eiga að undirbúa sig fyrir umræðutíma og eiga að vera með tilbúin svör við spurningum sem kennari lætur inn á INNU. Kennari mun setja skilalinka inn á INNU þar sem nemendur geta skilað inn þessum svörum. **Ekki er hægt að skila inn svörum eftir umræðutíma þar sem þá er búið að ræða svörin.**

Lokaverkefnið tengist hæfniviðmiðum áfangans og er skylduverkefni til að ná áfanganum. Nemandi þarf að fá minnst einkunnina 5 fyrir lokaverkefnið.

Ef nemandi verður uppvís að því að nota verkefni annarra nemenda eða fyrri nemenda þá getur það varðað brottrekstur úr áfanga.

Stofnaður verður Facebook hópur fyrir nemendur áfangans (lokaður) og eru nemendur hvattir til að setja inn fyrirspurnir þar sem varða ákveðin verkefni þannig að aðrir nemendur geti notið góðs af svörum.

Fyrirlestrar eru settir inn á sunnudögum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
		<b>Umræðutímar Fimmtudagar kl 18 -19</b>	
1	6. jan.	<b>Lota 1</b> Lota I: Kynning á félagssálfræðinni, áfanganum og verkefnum.	
2	8. - 12. jan.	Hvað er sálfræði? Hvað er félagssálfræði? <b>Umr1</b>	
3	15. - 19. jan.	Úrvinnsla félagslegra upplýsinga og fyrirbærið skema. Álitsmyndun og frumhrif. <b>Umr2</b>	Verkefni 1
4	22. - 26. jan.	Hvað eru staðalmyndir? <b>Umr3</b>	
5	29. jan. - 2. feb.	Hvað eru fordómar? <b>Umr4</b>	Verkefni 2
6	5. - 9. feb.	Viðhorf og áróðursmeistarar <b>Umr5</b>	
7	12. - 16. feb.	Hvað eru viðhorf? Hvað er áróður? <b>Umr6</b>	
8	19. - 23. feb.	Að skýra atferli annarra - orsakæignun <b>Umr7</b>	Vorhlé mánudag og þriðjudag.
9	26. feb. – 1. mars.	<b>LOTA 2</b> Eignun og ýmsar hugsunarvillur <b>Umr8</b>	
10	4. - 8. mars	Aðlöðun, dálæti, hrifning <b>Umr9</b>	Verkefni 3
11	11. - 15. mars.	Félagsvæn hegðun og hjálpsæmi <b>Umr10</b>	
12	18. - 22. mars	Ýmis félagsleg fyrirbæri <b>Umr11</b>	Verkefni 4
13	25. mars - 1. apr.	<b>PÁSKALEYFI</b>	<i>Engin skil</i>
14	2. – 5. apr.	Múghegðun og hlýðni við yfirvöld <b>Umr12</b>	
15	8. – 12. apr.	Hlýðni við yfirvöld <b>Umr13</b>	Verkefni 5
16	15. - 19. apr.	Lokaverkefnið <b>Umr14</b>	<i>Skila beinagrind</i>
17	22. – 26. apr.	Lokaverkefnið <b>Umr15</b>	
<b>18</b>	<b>29. apr. – 3. maí</b>	<b>LOTA 3</b> Kynning á lokaverkefnum	<i>Skila kynningu</i>
19	6. – 10. maí	Lokaverkefni skil	<i>Skila lokaverkefni</i>
20	13.-17. maí	Einkunnir	

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*